



ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Veðurstofa Íslands/Harpa Grímsdóttir
Bústaðavegi 9
150 Reykjavík

Ísafjörður, 12. febrúar 2020
2019110057

Efni: Umsagnarbeiðni

Á fundi skipulags- og mannvirkjanefndar þann 12. feb. sl., var tekið fyrir erindi frá Verkís f.h. Sævars Hjörvarssonar og Halldóru Þórðardóttur, þar sem óskað er eftir því við Ísafjarðarbæ, að opnu svæði milli Seljalandsvegar 78 og 84 verði breytt í íbúðarsvæði þ.e.a að íbúðarsvæði Í4 verði stækkað vegna umsóknar um lóð og byggingaráform á reitnum. Með hliðsjón af bókun nefndar og meðfylgjandi fylgigögnum. Er umsagnar Veðurstofu óskað m.t.t. ofanflóða á reitnum.

Bókun nefndar:

Ósk um breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 - stækkun íbúðabyggðar - 2019110057

Jóhann Birkir Helgason sækir heimild f.h. Halldóru Þórðardóttur og Sævars Óla Hjörvarssonar eftir heimild til þess að breyta Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 á svæðinu á milli Seljalandsvegar 78 og 84 og gerð deiliskipulags. Sótt er um að breyta landnotkun úr opnu svæði í íbúðarsvæði. Fylgigögn eru erindisbréf dags. 27.des. sl.

Skipulags- og mannvirkjanefnd vísar til 29. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er það á ábyrgð sveitafélaga að annast vinnslu aðalskipulags.

Skipulags- og mannvirkjanefnd óskar eftir umsögn Veðurstofu vegna ofanflóða á reitnum.

Fylgigögn: erindisbréf Verkís


A. S. Rodríguez Överby
- sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs -

Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður



TILV./BRÉF YÐAR:

VERKNÚMÉR:

DAGS.:

NR.:

19311

2019-12-27

Ósk um lóð undir einbýlishús við Seljalandsveg 80

Með vísan í fyrra bréf frá 14. nóvember 2019 þar sem óskað var eftir heimild til að breyta Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 og gerð deiliskipulags við Seljalandsveg 80, Ísafirði.

Á mynd hér að neðan má sjá lóð sem er 830 m², sem er hefðbundin stærð á lóð á þessu svæði.

Húsið á mynd 1 hér að neðan er 250 m² að grunnfleti.

Eins og sjá má er erfitt að koma fyrir fleiri en einni lóð á svæðinu, lóðin er í miklum halla og ekkert aðgengi er inn á lóðina frá Seljalandsvegi.



Mynd 1 Afstöðumynd

Undirritaður fyrir hönd Halldóru Þórðardóttur og Sævars Óla Hjörvarssonar óskar að nýju eftir heimild til að breyta aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 á svæðinu milli Seljalandsvegur 78 og 84 og gerð deiliskipulags með það að markmiði að koma fyrir lóð fyrir eitt einbýlishús á svæðinu.

Virðingarfyllst, f.h. Verkis hf.

Jóhann Birkir Helgason

Seljalandsvegur 80, Hafnir 1

Verkis hf.
Ofanleiti 2, 103 Reykjavík
422 8000
verkis.is | verkis@verkis.is

Starfsstöðvar:
300 Akranesi, Stílholti 16-18
310 Borgarnesi, Bjarnarbraut 8
400 Ísafirði, Hafnarstræti 1

603 Akureyri, Austursíðu 2
640 Husavík, Garðarsbraut 19

700 Egilsstöðum, Kaupvangi 3b
800 Selfossi, Austurvegi 10

75-002-11